

Þó að umbúnaður félagsins í Viðey til steinolíu-geymslu og starfræksla hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. þar fyrir félagsins hönd svo sem að framan er lýst, geti talist eitt atriði í atvinnurekstri þess, þá verður þetta atriði út af fyrir sig eigi talið arðsöm stofnun eða fyrirtæki, er heimilt sé að leggja á útsvar samkvæmt hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnarlaganna, þar sem hér er að eins um að tefla geymslu og flutning á vöru félagsins, er hefir kostnað í för með sér en engan arð. Áfrýjanda brast því lagaheimild til að leggja útsvar á stofnun og starfsemi félagsins í Viðey, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir þeim úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, greiði stefnda H. Debell fyrir hönd hins danska steinolíufélags 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Nr. 26/1911:

Réttvísing
gegn
Magnúsi Hjaltasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi í Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 14. marz þ. á., var ákærði Magnús Hjaltason frá Meira-

hrauni í Skálavík dæmdur samkvæmt 169. gr. sbr. 47. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2 ára betrunarhúsvinnu fyrir að hafa gjört tilraun til þess að þröngva 14 ára gömlu stúlkubarni til samræðis við sig, og til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun 10 kr. til talsmanns síns við aukaréttinn yfirréttarmálaflutningsmanns Guðmundar Hannessonar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins samkvæmt ósk ákærða.

Það er sannað með játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, að ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður verið hegnt fyrir neitt lagabrot, hefir gjört sig sekan í eftirnefndum afbrotum.

Veturinn 1909—1910 var ákærði barnakennari í Skálavík í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu við barnaskóla þar. Í skóla þessum voru þann vetur að eins tvö stúlkubörn. Hét annað barnið Ágústína Guðjóna Jónasdóttir, þá á 14. ári — fædd 15. ágúst 1896. Öðruhvorum megin áramótanna var stúlka þessi einu sinni í kenslustofunni í frímínútunum milli kenslustunda. Gekk ákærði þá að barninu, lagði það niður á gólfid, fór upp undir pils þess og þreifaði milli fóta þess utan á buxunum, og féll niður að barninu eða var að falla niður að því, þegar hann heyrði að gengið var um skólahússganginn og hurðinni að skólastofunni lokið upp; stóð ákærði þá upp og varð ekki meira úr; hefir ákærði játað að þetta hafi verið tilraun til þess að hafa samræði við barnið.

Hinn 27. okt. 1910 gisti ákærði hjá móðursystur nefndrar Ágústínu, Guðrúnu Jónasdóttur, er bjó ásamt 2 börnum sínum ein sér í húsi í Bolungarvík. Bjó Ágúst-

ina Guðjóna, sem var á vegum móðursystur sinnar, þar hjá henni. Svaf alt fólkið í sama herbergi, og var ákærði látinn sofa í öðru rúminu í herberginu hjá syni Guðrúnar, en í hinu rúminu svaf Guðrún ásamt dóttur sinni og Ágústínu Guðjónu. Um klukkan 6 um morguninn fór Guðrún og bæði börn hennar upp í barnaskóla, en Ágústína var eftir og voru þau ákærði því ein eftir og enginn annar maður í húsinu. Skömmu eftir að mæðginin voru farin, slökti ákærði ljósið í herberginu, fór yfir í rúmið til Ágústínu, lagðist ofan á hana, setti vangann á munn hennar, ýtti buxunum, sem stúlkan var í, niður um hana, svo þær rifnuðu, lagði hendur hennar á bak aftur og hélt þeim þar meðan á samræðinu stóð, ýtti fótum hennar sundur og setti lim sinn í hol barnsins, þó að eins broddinn, en ákærða losnaði þá sæði, er féll í og utan holsins, og hefir við læknisrannsókk á barninu hymen virzt óskaddaður. Ákærði heldur því fram, að barnið hafi ekki neina verulega mótspyrnu sýnt, þó hefir hann játað, að Ágústína hafi sagt, að hún vildi ekki hafa þetta, en þá hafi hann lagt vangann fastar að munn hennar, og hefir barnið haldið því fram, að þá hafi hún engu hljóði getað komið upp, og hafi hún þó reynt það. Enn fremur hefir ákærði játað, að þegar hann eftir samræðið var kominn yfir í rúm sitt, hafi hann sagt við Ágústínu, að hann ætlaði að koma aftur yfir um til hennar, en úr því varð þó ekki vegna þess, að þá kom dóttir húsmóðurinnar inn í húsið, og loks hefir ákærði játað að hann hafi kyst og kreist Ágústínu, eftir að þau voru alklædd, og gefið henni í skyn, að hann mundi reyna að hafa samræði við hana aftur. Ágústína fór í skólann um morguninn, en þegar hún kom heim úr

skólanum, kvartaði hún um sárindi í kviðnum og í brjóstinu, og var þroti í brjóstinu, en sárindin voru horfin eftir rúma viku, og þrotinn horfinn, er læknirinn skoðaði stúlkuna að mánuði liðnum. Að öðru leyti hefir barnið ekki skemst á neinn hátt. Barn þetta hefir fengið vottorð um góða hegðun.

Í aukarétti 15. febr. þ. á. hefir ákærði að nokkru leyti gengið frá játningu sinni. Hefir hann í því réttarhaldi ekki viljað kannast við það, að hann hafi haldið höndunum á Ágústínu undir baki hennar eða þrýst vangnum fastar að munni hennar, meðan á samræðinu stóð. En til þessarar afturköllunar, sem engin ný rök eru færð fyrir, verður ekkert tillit tekið.

Samkvæmt framanrituðu og skýrslum málsins yfirleitt er engin ástæða til að álíta, að Ágústína hafi samþykkt aðfarir ákærða við hana, en hins vegar má telja það víst, að hún hefir ekki veitt honum þá mótspyrnu gegn tiltæki hans, að hann hafi getað gengið úr skugga um það, að áleitni hans hafi verið henni þvert um geð. Atferli hans verður því eigi talið nauðgun eða tilraun til nauðgunar, en það virðist eiga að heimfærast undir 275. gr. sbr., að því er fyrra brotið snertir, við 167. gr. og 47. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 12 mánaða betrunarhúsvinna. Málskostnaðar ákvæði aukaréttardómsins samþykkist, og ákærða ber einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 12 kr. til hvors.

Við rekstur málsins í undirrétti er það að athuga, að undirdómurinn hefir gefið út áfrýjunarstefnu í málinu áður en ákærði hafði lýst því yfir, að hann vildi ekki

una við dóminn, en úr þessu hefir verið bætt með því að hér fyrir réttinn hefir verið lagt vottorð frá hlutaðeigandi stefnuvottum, um að ákærði hafi afdráttarlaust lýst yfir því, að hann vildi ekki una við dóminn. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Magnús Hjaltason sæti 12 mánaða betrunarhúsvinnu. Málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins skal óraskað. Ákærði greiði allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirdómsmálaflutningsmanna Eggerts Claessens og Boga Brynjólfssonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með öðfór að lögum.

Mánudaginn 14. dag ágústmán.

Nr. 66/1910:

Johan Balslev

gegn

hreppsnefnd Stykkishólshrepps.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu áfryjandinn, Johan Balslev stórkaupmaður